

til greiðsludags og kr. 8.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. febrúar 1965.

Nr. 85/1963. **Steindór Bjarnfreðsson**
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómáramir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Hann hefur og hinn 10. febrúar 1965 fengið gjaf-sóknarleyfi, takmarkað við, að kostnaður ríkissjóðs fari ekki fram úr kr. 10.000.00. Krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 350.175.35 ásamt 9% árs-vöxtum frá 5. janúar 1960 til 29. desember sama ár og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostn- að í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi, að viður- kenndur verði sjóveðréttur honum til handa fyrir dæmd- um fjárhæðum í b/v Þórkatli mána, RE 205.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls- kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ekki er leitt í ljós, að slys það, sem mál þetta er af risið, verði rakið til vanbúnaðar skips, handvammur skipverja eða annarrar áhættu, sem stefndi ber ábyrgð á. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en að laun lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, og greiðist laun lögmanns áfrýjanda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00 úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. janúar 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Steindór Bjarnfreðsson, Víghólastíg 3, Kópavogi, höfðað fyrir sjó og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. júní 1961, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Eru dómkröfur stefnanda nú þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð kr. 350.-175.35, en til vara lægri fjárhæð ásamt 9% ársvöxtum frá 5. janúar 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Einnig að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Þorkatli mána, RE 205, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, en *til vara* krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda, enda verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 5. janúar 1960 var b/v Þorkell máni að veiðum á svo-kölluðu Nesdýpi út af Vestfjörðum. Var hann með stjórnborðsvörpuna úti, og var búið að kasta henni nokkrum sinnum. Um kl. 2030 var verið að lyfta pokanum inn fyrir bakreiðið, þar sem skipta átti yfir og kasta bakborðsvörpunni. Stefnandi, sem var háseti á togaranum, var við „gilsinn“. Stóð hann við spilkoppinn bakborðsmegin. Þegar búið var að hífa pokann upp fyrir bakreiðið, ætlaði stefnandi að slaka á vírnum. Slóst þá

bragð af vírnum um fætur honum og kippti honum á loft og fram í fiskkassa með þeim afleiðingum, að hann fótbrotnaði.

Sjóferðapróf út af slysi þessu hófust 27. maí 1960. Stefnandi kom þá fyrir dóm og gaf skýrslu. Hann kveðst muna greinilega, að áður en slysið skeði, hafi hann ætlað að fækka um eitt bragð á spilkoppnum, en í sama bili hafi hann runnið til og þá misst vald á vírnum. Orsökina til þess, að hann rann til, telur hann bæði velting skipsins svo og það, að þarna sem hann stóð hafi allt verið útatað í olíu og því mjög hált. Við olíudælingu hafi olía oft komið út um loftrör oliugeymanna og þá runnið út af reisininni og niður á víra og þilfar. Fullyrðir stefnandi, að hann hafi ekki staðið inni í bugt af vírnum, þegar hann ætlaði að fækka brögðum. Eftir að hann rann til og féll, kveðst hann ekki muna frekar um það, hvernig slysið bar að höndum. Oft hafi komið fyrir áður, að slíkt oliurennslí, sem að framan getur, hafi átt sér stað, og kveðst hann aðallega hafa talað um það við vélstjórana, en einnig stundum kallað upp á stjórnspall og sagt frá því.

Vitnið Steingrímur Benediktsson kom einnig fyrir dóm 27. maí 1960 og gaf skýrslu. Kveðst vitnið hafa verið háseti á b/v Þorkatli mána, þegar slysið varð, og séð, hvernig það bar að höndum. Kveðst vitnið hafa verið við það að leysa frá pokanum, búíð hafi verið að því, síðan hafi átt að hífa pokann hærra til þess að ná honum inn fyrir bakreipið. Þegar stefndi hafi verið í þann veginn að gera sig kláran til þess að láta pokann detta niður á þilfarið, hafi hann runnið til og misst hönd af vírnum, en við það hafi brögð slegizt af spilkoppnum og hafi bragð af vírnum slegizt um fót stefnanda, kippt honum á loft og fram í kassa. Vitnið kveðst ekki beinlínis hafa séð, hvort stefnandi stóð inni í bugt af vírnum eða ekki, áður en hann féll, en það er ákveðið álit þess, að svo hafi ekki verið. Ef svo hefði verið, þá myndi fóturinn hafa borizt að koppnum og ef til vill snúizt upp á hann. Vitnið kveðst þegar í stað hafa hlaupið til stefnanda og jafnframt kallað á hjálp, og þegar það kom að stefnanda, sá það, að hnakkabragð af vírnum hafði slegizt um vinstri fót hans og hert að. Ekki hafi tekið nema stutta stund að losa bragðið af fæti stefnanda, og strax hafi skipinu verið siglt áleiðis til Flateyrar. Vitnið segir, að oft eftir að olía er tekin í höfn, þá hafi þilfarið verið löðrandi í olíu, en hún hafi ekki verið sérstaklega hreinsuð af því. Í umrætt skipti hafi skipið nýlega verið byrjað veiðiför, og nokkru af olíu hafi verið skolað

af þilfarinu af ágjöf, en þegar slysið skeði, hafi enn verið hált á þilfarinu vegna olíunnar. Vitnið kveður það koma fyrir úti í sjó, að olía komi út um loftrörin, en telur mjög lítil brögð að því.

Skipstjórinn á Þorkatli mána, Hannes Ragnar Franzson, kom fyrir dóm 3. ágúst 1960 og skýrði svo frá, að hann hefði ekki séð, er slysið varð, enda hafi það skeð snögglega. Kveðst skipstjórinn ekki hafa veitt stefnanda athygli, fyrr en hann var kominn fram í kassa.

Í dagbók skipsins bókaði skipstjórinn meðal annars þetta um slysið: „Orsökina var sú, að Steindór var að slaka niður pokanum, sem hékk í taliunni. Missti Steindór brögðin af koppnum og stóð inni í bugt af hlauparanum, sem lenti utan um fótinn á honum. Steindór hafði verið við þetta starf í meira en eitt ár og alla tíð reynzt góður gilsmaður. Var þegar sett á fulla ferð og haldið í átt til Flateyrar. Þegar þetta skeði, var veður SSV-3 og talsverður sjór.“

Skipstjórinn kveður, að það, sem í dagbókinni segir, sé ályktun sín og geti hann ekki sagt, hvort það, sem stefnandi og Steingrímur segja, sé rétt eða rangt.

Ekki kveðst skipstjórinn muna, hvort olía var á þilfarinu, er slysið varð. Hann segir, að þegar dælt sé olíu í skipið, renni hún um vélarreisin um 6 metrum aftan við spilokoppinn, og komi því ekki til, að olía hafi þá farið á þilfarið, þar sem stefnandi stóð. Iðulega komi það fyrir, að olía renni út um loftrör, þegar dælt sé upp á hæðartank, en loftrör þetta sé á að gizka 3—4 metra frá spilokoppnum. Hann kveður þunna dieselolíu notaða á Þorkatli mána, og verið geti, að sleipt verði af henni. Skipsmenn kveður hann iðulega hafa kallað upp í stjórnþall, þegar olía spýtist úr loftrörunum, og sé þá vélstjóranum tilkynnt um þetta. Hann kveður skipið hafa farið frá Reykjavík 4. janúar, kl. 1320, og hafi olía verið tekin í Reykjavík. Olíuna kveður hann skolast fljótlega af þilfarinu, ef sjór gengur yfir það. Hins vegar kveðst hann ekki muna, hvort svo hafi verið í þetta skipti, en skipið hafi verið létt hlaðið.

Vitnið Sigurður Breiðfjörð Þorsteinsson háseti kom fyrir dóm 5. ágúst 1960. Kveðst vitnið hafa séð, þegar stefnandi slasaðist, þar sem það hafi þá verið að vinna á stjórnborðssíðunni. Vitnið kveðst hafa orðið vart við, að hætt var að hífa, og farið að aðgæta, af hverju það stafaði. Hafi það þá séð stefnanda liggja í afturkassanum. Ekki kveðst vitnið muna, hvort hált hafi verið

á þilfarinu þenna dag, en kveður oft vera sleipt á þilförum þessa togara og annarra, sem það hefur verið á, af olíu. Sleipt hafi verið þenna túr af dieselolíu, sem berist um allt, þegar gengið sé um þilfarið. Sjálft kveðst vitnið oft hafa dottið um borð í b/v Þorkatli mána. Sé aðalhættusvæðið að þessu leyti frá hálfdekki aftur að afturgálga.

Vitnið Karl Adólfsson kom fyrir dóm 30. ágúst 1960 og gaf skýrslu. Vitnið, sem var bátsmaður á Þorkatli mána, þegar slysið skeði, kveðst hafa staðið á grindinni stjórnborðsmegin um það leyti. Hafi það fyrst séð Steindór, þegar hann hafi dregizt fram að kassanum. Vitnið telur ólíklegt, að stefnandi hafi staðið með fótinn í bugt af vírnum, þar sem hann hafi verið vanur gilsmaður. Telur vitnið, að stefnandi hafi runnið á þilfarinu, en það hafi verið atað í olíu. Sé svo oftast nær, þegar farið sé af stað. Stafi þetta af því, að olíugeymar séu yfirfylltir og olían renni út um loftrör, sem séu áföst við „keisinn“. Vilji olían þannig renna út um allan ganginn frá togvindu og aftur úr. Kveður vitnið, að oft hafi verið minnst á þetta bæði við vélstjóra og skipstjóra, en engin breyting orðið á þessu. Þegar vitnið sá, hvar stefnandi dróst fram að kassanum, kveðst það hafa farið til hans og hafi þá verið brögð af vírnum um báða fætur hans. Hafi stefnandi verið losaður og farið með hann aftur í skipið. Vitnið segir, að olían, sem sé í ganginum, skolist fljótt burtu, þegar um ágjöf sé að ræða. Í þessu tilviki hafi slíku hins vegar ekki verið til að dreifa, þar sem veður hafi verið sæmilegt og skipið létt á útleiðinni, en slysið hafi orðið snemma í túrnum. Oft komi fyrir, að menn renni þarna í göngunum, og yfir því hafi verið kvartað, en ekki man vitnið þó eftir því, að slys hafi af hlotizt áður um borð í Þorkatli mána. Olíurennsli sem þetta kveður vitnið hafa átt sér stað á öðrum togurum, sem vitnið hefur verið á, en meira hafi þó kveðið að því á Þorkatli mána.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slys það, sem um ræðir, hafi orðið með þeim atvikum, að stefndi, eigandi Þorkels mána, beri óskipta ábyrgð á tjóni, sem stefnandi varð fyrir vegna slyssins. Stefnandi kveðst hafa verið að skyldustörfum sínum um borð í skipinu og starfað þar að fyrirmælum skipstjórnarmanna. Hann hafi unnið verk sín á venjulegan hátt, og sé ekki unnt á neinn hátt að kenna honum um, hvernig þarna fór. Hins vegar hagi svo til um borð í skipi þessu, að ávallt, þegar komið sé úr höfn og oft endranær, sé sleipt af olíu á þeim stað, er stefnandi var við vinnu sína, og sé aðaláhættu-

svæðið að þessu leyti frá hálfdekki aftur að afturgálga. Sannað sé í málinu, að hált hafi verið af olíu á þeim stað, er stefnandi var að vinna, enda hafi slysið orðið fyrst í túrnum, skipið létt á útleiðinni og stjórnborðsvarpan notuð fyrir slysið, svo að olían hafi ekki skolazt burtu. Auk þess sé oft hált á þessum stað af olíu eða feiti, sem komi frá spilinu sjálfu. Telur stefnandi, að stefndi beri ábyrgð á þessum göllum og vanköntum á ástandi skipsins, sem óumdeilanlega hafi valdið slysi hans. Mikill veltingur hafi verið á skipinu, er þetta skeði, enda keyrt áfram, og hafi starf stefnanda verið mjög hættulegt, ekki sízt, eins og á stóð, við þær kringumstæður, er þarna voru. Það hafi verið handvömm skipstjórnamanna að láta ekki hreinsa olíuna af dekkinu, áður en vinna hófst, svo og að keyra skipið, á meðan á slíkri vinnu stóð. Í því sambandi hefur stefnandi vitnað til ákvæða 2. mgr. 56. gr. sjómannalaganna nr. 41/1930, 31. gr., 2. mgr., siglingalaganna nr. 56/1914 og 5. og 13. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Þá telur stefnandi eðlilegra, að atvinnurekendur beri tjón það, er starfsmenn verði fyrir við störf í þeirra þágu, þar sem þeir eigi hægara um vik að tryggja sig fyrir slíkum skakkaföllum og hafi hagnaðinn af rekstrinum og megi reikna með slíkum áföllum.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Vinnutap og örorkutjón	kr. 370.003.03
2. Bætur fyrir sársauka, þjáningar, óþægindi, lýti og röskun á stöðu og högum	— 75.000.00
3. Kostnaður við örorkumat	— 750.00
4. Tjónútreikningur	— 600.00
5. Nýr tjónútreikningur	— 600.00

Kr. 446.953.00

Frá dragast greiðslur frá:

Brunabótafélagi Íslands	kr. 40.000.00
Tryggingastofnun ríkisins	— 52.552.00
Bæjarútgerð Reykjavíkur	— 4.225.65 kr. 96.777.65

Skuld kr 350.175.35

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ekki hafi verið nein olía á þilfarinu, þar sem stefnandi var að vinna, og frásagnir skipverja um olíu á þilfari séu greinilega rangar, enda verði að hafa það í huga, að þó einhver olía hafi komið á þilfarið,

þegar olía var tekin í skipið í höfn, þá hljóti hún að hafa skolaft af, áður en slysið vildi til, þar sem skipið hafi siglt langa leið og hafi togað nokkrum sinnum. Hitt sé annað mál, að óhjákvæmilega sé nokkuð hált á þilfari togara, er þeir séu á veiðum. Komi þar bæði til sjórinn, sem alltaf sé á þilfarinu, og auk þess slor og fiskúrgangur og önnur sleip efni frá fiskinum, er á þilfarið hljóta að koma. Ekki verði talið, að starf það, sem stefnandi hafði með höndum, sé mjög hættulegt, og ekki hafi verið neinn veltingur að ráði á skipinu, er slysið varð. Því sé algerlega mótmælt, að slys þetta hafi á nokkurn hátt orðið fyrir handvömm skipstjórnarmanna eða nokkra bilun á tækjum eða búnaði. Slysið virðist einungis hafa orðið fyrir ógætni stefnanda sjálfs og óheppni og ekki unnt á neinn hátt að kenna skipstjórnarmönnum um það. Því sé einnig algerlega mótmælt, að það sé rétt regla, að leggja beri fébótaábyrgð á tjónum sem þessum á atvinnurekendur, þar sem þeir eigi hægara með að tryggja sig fyrir slíkum skakkaföllum en verkamaðurinn. Í því sambandi bendir stefndi á, að hann hafi bæði keypt hina lögboðnu slysatryggingu stefnanda svo og sammingsbundna tryggingu samkvæmt kjarasamningi Sjómannafélags Reykjavíkur og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Að því er varakröfuna varðar, þá er því haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á, hvernig fór, með ógætni sinni, þar sem hann hafi ekki staðið rétt við verk sitt.

Þann 5. þ. m. fóru dómendur um borð í togarann Þorkel mána, þar sem hann lá í Reykjavíkurböfn, og kynntu sér aðstæður á slysstað.

Um það, hvernig slysið bar að, eru engir sjónarvottar. Er stefnandi því einn til frásagnar um það. Skýrsla stefnanda og vætti vitna gefa til kynna, að einhver olía hafi verið á þilfarinu, er slysið varð. Hins vegar hefur stefnandi hvorki leitt í ljós, að olían skapaði meiri hálfu en oft vill verða á þilförum togskipa af sjó, slori og öðrum fiskúrgangi, á meðan á veiðum stendur, né að hann hafi einmitt runnið til í olíunni. Það er heldur ekki sannað, að sjór hafi verið svo ókyrr, að óvarlegt hafi verið af skipstjórnarmönnum að láta vinna það starf, sem stefnandi var að framkvæma, þegar slysið varð. Þá verður slysið heldur ekki talið þess eðlis, að reglum skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur verði beitt. Telja verður því, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilvik, sem hvorki verður rakið til vanbúnaðar skipsins, handvammur skipverja eða annarrar áhættu, sem stefn-

andi ber ábyrgð á. Verður krafa stefnda um sýknu því tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Steindórs Bjarnfreðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. febrúar 1965.

Nr. 166/1964. **Alexander Guðmundsson** (Örn Þór hdl.)

gegn

Sölva Þ. Valdimarssyni, Sveini Hannessyni, Framkvæmdum h/f (Árni Halldórsson hdl.)

og

Guðgeiri Guðmundssyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theódór B. Lindal.

Kaup og sala. Fasteignaviðskipti. Forkaupsréttur. Riftunarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1964. Eru kröfur hans þessar:

„Að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að stefndu Sölva Þ. Valdimarssyni, Sveini Hannessyni og Framkvæmdum h/f verði dæmt skylt að selja og afsala áfrýjanda fjög-